

3

12. febr.

L Ö G

um samkomudag reglulegs Alþingis 1960.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1960 skal koma saman mánudaginn 10. október 1960, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 12. febrúar 1960.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Stjórnartíðindi 1960, A. 4.

4

20. febr.

L Ö G

um efnahagsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Gengi íslenzkrar krónu miðað við erlendan gjaldeyri skal vera kr. 38.00 hver bandarískur dollar, og gengi hennar miðað við annan gjaldeyri í samræmi við það. Seðlabankinn skráir sölugengi og kaupgengi erlends gjaldeyris samkvæmt þessu gengi. Kaup- og sölugengi dollars má ekki vera meira en 1% undir eða 1% yfir því gengi, sem ákveðið er í 1. málslíð þessarar gr., og sama gildir um gengi annars gjaldeyris.

2. gr.

Við gildistöku þessara laga hættir útflutningssjóður greiðslu hvers konar bóta samkvæmt því, sem nánar er ákveðið í bráðabirgðaákvæðum laganna, staflidum a—c. Frá sama tíma falla niður tekjur útflutningssjóðs samkvæmt lögum nr. 33/1958.

3. gr.

Allar greiðslur fyrir verk, sem innlendir aðilar hafa unnið fram að gildistöku þessara laga samkvæmt samningi við varnarliðið eða aðila á þess vegum, skulu fara